# Samkomulag

Undirritaðir aðilar, Kristján Þór Júlíusson fyrir hönd Ísafjarðarkaupstaðar og Örn Ingólfsson fyrir hönd flugáhugamanna á Ísafirði gera hér með svohljóðandi samkomulag:

Bæjarsjóður Ísafjarðar veitir félagi flugáhugamanna á Ísafirði árlega styrk til starfseminnar að jafnvirði álögðum fasteignagjöldum í flugskýli félagsins. Á móti mun félagið annast ýmis atriði í uppákomum á vegum bæjarfélags sem krefjast notkunar lítilla flugvéla. Þessi notkun verður ákveðin að höfðu samráði við bæjaryfirvöld hverju sinni.

Samningur þessi verður í gildi þar til annaðhvor samningsaðila segir honum upp. Skal það gert með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

7/5 1996

Fyrir hönd Ísafjarðarkaupstaðar
Kristján Þór Júlíusson

Fyrir hönd flugáhugamanna á Ísafirði
Örn Ingólfsson